



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 11. desember 2020

2011058SA GB/vrb  
Málalykill: 00.63

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun, mál nr. 322.**

Vísað er til tölvupóst frá nefndarsviði Alþingis, dags. 27. nóvember sl., þar sem óskað var eftir umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun, mál nr. 322.

### Athugasemdir sambandsins

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er markmið þess að efla opinberan stuðning við nýsköpun á landinu með sveigjanlegu stuðningskerfi, sterkum tengslum við háskólasamfélag, atvinnulíf og hagaðila og áherslu á nýsköpun á landsbyggðinni. Markmið laganna sé einnig að skýra ábyrgð, einfalda verklag og forgangsraða opinberum stuðningi og þjónustu við atvinnulífið. Aðrar efnisgreinar frumvarpsins svara hins vegar ekki þessari breiðu markmiðslýsingu þar sem þær snúa eingöngu að stofnun nýsköpunargarða sem eiga að annast rekstur rannsókn- og tækniseturs í hátækni, verkfræði, raunvísindum og skyldum greinum.

Sambandið gerir ekki athugasemdir við þá fyrirætlan að stofna nýsköpunargarða á grunni Nýsköpunarmiðstöðvar en bendir á að þótt nýsköpun í hátækni, verkfræði og raunvísindum séu vissulega mjög mikilvæg nýsköpunarsvið þá þarf einnig að styðja við nýsköpun á öðrum sviðum, s.s. sem á sviðum skapandi greina, matvælaframleiðslu og ferðaþjónustu, sem og í starfsemi opinberra stofnana ríkis og sveitarfélaga. Þetta er ekki síst mikilvægt fyrir nýsköpun á landsbyggðinni.

Pegar frumvarpið var til umsagnar í samráðsgátt gerði sambandið athugasemdir við að ekki væri vikið að úrræðum fyrir landsbyggðina í frumvarpstexta þrátt fyrir að landsbyggðin væri sérstaklega tilgreind sem áherslusvið í markmiðsyfirlýsingu 1. gr. frumvarpsins. Ráðuneytið hefur brugðist við þeirri gagnrýni með að bæta töluvert í umfjöllun um stuðning við landsbyggðina í greinargerð og er það vel. Eftir sem áður er ekki vikið sérstaklega að stuðningi við landsbyggðina í frumvarpstexta og því endurspeglar frumvarpið ekki nægilega vel þau markmið sem því er ætlað að ná m.t.t. stuðning við nýsköpun á landsbyggðinni. Þá telur sambandið að nýsköpunargarðar einir og sér geti ekki talist fullnægja markmiði 1. gr. um sveigjanlegt stuðningskerfi. Ekki er kveðið á um nein önnur stuðningsúrræði í efnisákvæðum frumvarpsins.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs